

Lög Foreldrafélags Stekkjaráss  
Hafnarfirði

1.grein

Félagið heitir Foreldrafélag Stekkjarás, leikskóla sem staðsettur er að  
Ásbraut 4 í Hafnarfirði.

2.grein

Heimili félagsins er að Ásbraut 4, Hafnarfirði.  
Varnarþing er í Hafnarfirði.

3.grein

Markmið og tilgangur félagsins er að tryggja sem best velferð og hagsmuni  
barna í leikskólanum.

4.grein

Markmiði sínu hyggst félagið ná m.a. með því að: Hvetja alla foreldra til að  
taka þátt í að hafa aukin áhrif á aðbúnað og starfsemi í leikskólanum, þá í  
samráði við starfsfólk. Að auka tengsl foreldra og starfsfólks. Að efla tengsl  
milli foreldra barnanna. Stuðla að fræðslu og fyrirlestrum fyrir foreldra  
barnanna sem og starfsfólk leikskólans.

5.grein

Stofnendur eru foreldrar barna sem hófu skólagöngu við stofnun leikskólans  
haustið 2004.

6.grein

Foreldrar barna er skráð eru í leikskólann eiga rétt á að vera í félaginu gegn  
því félagsgjaldi er aðalfundur ákveður ár hvert.

7.grein

Aðalfund félagsins skal halda á tímabilinu frá 15. september til 15. október ár hvert. Á aðalfundi  
skal taka fyrir eftirtalin mál:

- a. Skýrsla stjórnar
- b. Reikningar félagsins
- c. Kosning nýrrar stjórnar
- d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- e. Lagabreytingar
- f. Ákvörðun um árgjald
- g. Önnur mál

Þeir einir eru kjörgengir sem eiga barn/börn á leikskólanum á aðalfundardegi og vægi atkvæða  
skal vera með þeim hætti að hver forráðamaður/foreldri hafi eitt atkvæði (óháð fjölda barna).

Aðalfund skal boða með minnst sjö daga fyrirvara og telst því aðeins löglegur sé löglega til hans boðað.

Komi til atkvæðagreiðslu um einstök mál á aðalfundi skal einfaldur meirihluti ráða.

Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi stjórnar.

Stjórn félagsins skal skipuð minnst níu fulltrúum. Reyna skal eftir fremsta megni að einn foreldri komi frá hverri deild leikskólans. Einn fulltrúi starfsmanna skal ætíð sitja í stjórn félagsins og er hann jafnframt tengiliður við aðra starfsmenn leikskólans.

#### 8.grein

Stjórn félagsins er kosin til eins árs í senn. Á aðalfundi skal sitjandi stjórn gera grein fyrir starfi liðins árs. Aðalfund mega aðeins félagsmenn sitja.

#### 9.grein

Árgjald félagsins er ákveðið á aðalfundi félagsins ár hvert, gjaldið er innheimt 2 sinnum á ári. í febrúar og september. Foreldrafélagið annast innheimtu.

#### 10.grein

Félagsgjaldinu skal varið sem mestu í það starf sem börnin njóta góðs af. Verði afgangur á rekstrarári skal upphæðin flytjast óskipt til næsta rekstrarárs.

#### 11.grein

Ákvörðun um slit félags verður tekin á aðalfundi með einföldum meirihluta og renna eignir þess til líknarmála.

-----  
Lög þessi voru samþykkt á fyrsta stjórnarfundum félagsins 12.11.2004 í leikskólanum Stekkjarás Hafnarfirði.

Breytingar á 9.grein var gerð á aðalfundi félagsins 18. september 2008.

Breytingar á 7. grein og 11. grein var gerð á aðalfundi félagsins 19. september 2011.